

Fundargerð

Aðalfundur BJJ Sambands Íslands var haldinn laugardaginn 2.júní 2018 í húsakynnum Mjölnis MMA, Flugvallarvegi 3



Fundur settur kl 15:30.

Aðalefni fundarins var að kjósa í nýja stjórn 2018-2019 en umræðuefnin voru eftirfarandi:

1. Farið yfir síðasta starfsár

Formaður fór yfir ársskýrslu BJÍ og var rætt hvað fór vel og hverju má úr bæta.

2. Gjaldkeri fór yfir reikninga og stöðu félagsins

Tekjur BJÍ voru meiri en útgjöld eftir síðasta ár og stendur félagið því fjárhagslega vel fyrir næstkomandi ár.

3. Formaður ræðir um Íslandsmeistaramótið 2018

- Áætlað að halda það í Laugardalshöll 13.október 2018.
- Bjarni Ká kom með tillögu um að hafa sér blábeltingaflokk en það ætti að ganga upp ef settar yrðu reglur um hvernig ætti að sameina í flokka ef svo yrði. Kosið var um málið og hlaut tillagan einróma samþykki viðstaddra.
- Rætt um að hafa aðeins einn opinn flokk og myndu keppendur með fjólublátt belti og hærra hafa forgang í hann.

4. Opnað fyrir aðrar tillögur og mál

- Rætt var um möguleika þess að halda Iceland Open og reyna með því að fá fleiri erlenda keppendur til landsins.
- Lögð var áhersla á að dagsetningar fyrir mót ættu að vera tilkynntar snemma svo að iðkendur geti skipulagt sig og þá mögulega nýtt aðrar dagsetningar í að keppa erlendis.
- Bjarni Ká fór yfir hugmyndir um hvernig aðildafélög gætu notað Smoothcomp til að halda utan um mót og dagsetningar þeirra á einu dagatali.
- Rætt um að hafa fleiri viðburði til að styrkja konur í BJJ t.d. sér kvennamót og fleiri námskeið en Inga Birna kom með tillögu um að fá Shanti aftur til Íslands.

5. Kosning í nýja stjórn BJÍ

- Guðrún Björk Jónsdóttir (VBC MMA) baðst undan setu sem áframhaldandi ritari.
- Eiður Sigurðsson (RVK MMA) baðst undan setu sem áframhaldandi varaformaður.

Eftirfarandi gáfu kost á sér í stjórn BJÍ 2018-2019:

- Bjarki Þór Pálsson (RVK MMA) bauð sig fram sem varaformaður.
- Brynjólfur Ingvarsson (Mjöllnir) gaf kost á sér sem meðstjórnandi.
- Heiðrún Fjóla Pálsdóttir (Sleipnir) bauð sig fram sem ritari.
- Margrét Ýr Sigurjónsdóttir (Mjöllnir) bauð sig einnig fram í stöðu ritara.
- Halldór Logi Valsson (Mjöllnir) gaf aftur kost á sér sem formaður.
- Dóra Haraldsdóttir (Mjöllnir) gaf aftur kost á sér sem gjaldkeri.
- Bjarni Ká (Mjöllnir) gaf aftur kost á sér sem meðstjórnandi.

Ný stjórn BJÍ 2018-2019:

Formaður: Halldór Logi Valsson (Mjöllnir)

Varaformaður: Bjarki Þór Pálsson (RVK MMA)

Meðstjórnandi: Bjarni Ká (Mjöllnir)

Gjaldkeri: Dóra Haraldsdóttir (Mjöllnir)

Ritari: Margrét Ýr Sigurjónsdóttir (Mjöllnir)

Varamenn:

Ingibjörg Birna Ársælsdóttir (Mjöllnir)

Hafdís Vera Emilsdóttir (Mjöllnir)

Hera Margrét Bjarnadóttir (Mjöllnir)

Heiðrún Fjóla Pálsdóttir (Sleipnir)

Kári Jóhannesson (Mjöllnir)

Brynjólfur Ingvarsson (Mjöllnir)

Guðmundur Stefán Gunnarsson (Sleipnir)

Fundi slitið 15:57.